



A 1729/holdbart

Afgreiðsla

Nefndartillaga um að beita skilagjaldskerfum til eflingar hringrásarhagkerfinu

Tillaga

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að þær hvetji skilagjaldsstofnanir til að auka afkastagetu við söfnun á landamærasvæðum og auðvelda neytendum að skila áldósum og plastflöskum frá nágrannalandinu á söfnunarstöðvar;

að þær rannsaki, í ljósi góðrar reynslu af skilagjaldskerfum fyrir áldósir og plastflöskur, hvort hægt sé að þróa skilagjaldskerfin í þá veru að þau geti tekið við fleiri vörum.

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún eigi samráð við skilagjaldsstofnanir og drykkjarvöruframleiðendur á Norðurlöndum um samnorrænt átak til að sýna fram á og skapa skilning á því að norræn skilagjaldskerfi eru skilvirk og gagnleg.

Bakgrunnur

Á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík í október 2015 voru samþykkt tilmæli um norrænt skilagjaldskerfi. Tilmælin voru í fjórum liðum sem beint var til ríkisstjórna Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæma samninga um greiðslu skilagjalds fyrir áldósir og plastflöskur, til ríkisstjórnar Svíþjóðar um að semja við Þýskaland, og ríkisstjórna Finnlands, Svíþjóðar og Álandseyja um að eiga samstarf við skilagjaldsstofnanir landanna um að leggja skilagjald á box sem seld eru um borð í ferjum milli landanna.

Tilmæli Norðurlandaráðs styðjast við athugun sem leiddi í ljós að gagnkvæmt skilagjald svo og skilagjald í landamæraerslun myndu leiða til aukinna skila og einnig spara orku og aðrar dýrmætar auðlindir. Eins bentu greiningar til þess að þjóðhagslegur ávinningur myndi felast í því að bæta dýrmætum auðlindum við í skilagjaldskerfi Norðurlanda, en þau þjóna annars vel hlutverki sínu. Um töluverða soun á verðmætum er að ræða eins og eftirfarandi tafla sýnir:



Átt	Einkainnflutningur úr landamæroverslun 2010
Þýskaland–Svíþjóð	200 milljónir eininga
Danmörk–Svíþjóð	25 milljónir eininga
Svíþjóð–Noregur	25 milljónir eininga
Svíþjóð–Finnland	10 milljónir eininga
Svíþjóð–Álandseyjar–Finnland	60 milljónir eininga
Eistland–Finnland	40 milljónir eininga
Samtals	360 milljónir áldósa

Taflan hér að framan sýnir að á árinu 2010 lentu 300–400 milljón dósir¹ utan kerfisins og þá er ekki innifalin verslun á landamærum Danmerkur og Þýskalands, en hún er viðamest með allt að 1.000 milljónir eininga á ári. Allt bendir til þess að umræddar tölur séu mun hærri í dag².

Norrænu ríkisstjórnirnar svöruðu á þá leið að þær hygðust ekki fylgja eftir tilmælum Norðurlandaráðs. Þær vísuðu til þess að núverandi kerfi væri gott og að samningur lægi fyrir milli Danmerkur og Þýskalands um stóran hluta þess magns sem lendir fyrir utan núverandi kerfi. Sambærileg tilmæli frá árunum 2010 og 2013 báru engan árangur. Sjálfbærnefndin komst að þeirri niðurstöðu að það þjónaði engum tilgangi að halda áfram á sömu braut. Þess í stað var ákveðið að eiga samráð við umsjónar- aðila skilagjaldskerfanna og/eða fulltrúa drykkjavöruframleiðenda. Í framhaldinu fundaði Thomas Finnborg, skýrslugjafi nefndarinnar, með aðilum í Svíþjóð, Danmörku og Noregi. Þeir töldu vandasamt að samhæfa skilagjöld á Norðurlöndum vegna þess hvað reglur og gjöld eru ólík í löndunum. Að þeirra sögn myndi skilagjald yfir landamæri krefjast fjárfestinga í aukinni afkastagetu við söfnun og myndu þær ekki vera í samræmi við væntanlegan umhverfisávinning.

Við afgreiðslu tillögunnar kom fram að dönsk umhverfisyfirvöld (Miljøstyrelsen) hefðu komist að þeirri niðurstöðu, að samkvæmt lögum þýska sambandslýðveldisins eru allar umbúðir skilagjaldsskyldar, sem seldar eru neytendum í Þýskalandi, einnig umbúðir sem fluttar eru úr landi. Þessum lögum er ekki framfylgt! Þá brjóta útflutningsskýrslur að öllum líkindum í bága við umbúðatilskipun ESB, að sögn lögmanns danskra stjórnvalda (Kammeradvokaten). Starfsemi „Boarder Shops“ gæti því verið ólögleg, miðað við þýsk lög og reglu ESB. Samtök atvinnulífsins í Danmörku (Dansk Erhverv), einnig verslunar, sendu í mars 2016 kvörtun til framkvæmdastjórnar ESB yfir því að ekki er tekið skilagjald af dósnum í Þýskalandi³. Þegar þessar línur eru skrifaðar hefur ekkert svar borist frá framkvæmdastjórninni.

¹ Tölurnar eru líklega mun hærri í dag.

² Ætla má af svári Finna við spurningu Norðurlandaráðs að raunverulegur fjöldi sé tvöfalt ef ekki þrefalt hærri en þær 40 milljónir sem getið er í töflunni. Í svarinu kemur einnig fram að fyrirhugaðar breytingar á áfengissköttum í Eistlandi geti haft áhrif á þessa þróun.

³ <https://www.danskerhverv.dk/Nyheder/Sider/Dansk-Erhverv-klager-til-EU-Kommissionen-over-manglende-tysk-daasepant.aspx>



Sjónarmið nefndarinnar

Skilagjaldskerfin á Norðurlöndum þjóna vel hlutverki sínu og fela í sér mikilvægan ávinning fyrir umhverfið og andrúmsloftið. En kerfi landanna eru ólík hvað varðar reglur, gjöld og eignarhald. Kerfin taka í mismiklum mæli við áldósum og plastflöskum sem keyptar eru handan landamæra en greiða ekki skilagjald. Rannsóknir sýna að landamæraerslun stuðlar að mengun umhverfis og náttúru, soun verðmætra málma og óþarfa losun gróðurhúsalofttegunda.

Hluti þeirra umbúða sem er ekki skilað á söfnunarstöðvar lenda í almennu úrgangskerfi til endurnota. Það er ekki eins og best verður á kosið því endurnotkunargildi efnanna rýrist fyrir vikið. Brýnt er að gera neytendum kleift að skila tónum áldósum og plastflöskum á landamærasvæðunum. Það væri hægt með því að auka afkastagetuna og fjölga skilastöðvum. Ekki síst er þörf á að auka afkastagetuna í Danmörku.

Skilagjaldakerfin á Norðurlöndum hafa gefið góða raun og mætti nýta þá reynslu til útflutnings á þekkingu til landa sem vilja styðja þróun hringrásarhagkerfisins. Nefndin telur að aukin vitund Norðurlandabúa um gagnsemi skilagjaldskerfa 'samt útvíkkun núverandi kerfa svo að þau geti tekið á móti fleiri vörum myndu efla hringrásarhagkerfið.

Nefndin gerir sér grein fyrir þeirri miklu andstöðu sem norrænu tilmælin hafa mætt um samkomulag um gagnkvæmar greiðslur skilagjalda á landamærasvæðunum þrátt fyrir að greiningar bendi til þess að þjóðhagslegur ávinningur myndi felast í slíku samkomulagi. Í ljósi þeirrar andstöðu telur nefndin gagnslaust að halda áfram á sömu braut að svo stöddu.

Það er mat nefndarinnar að skilagjaldskerfin séu mikilvægt tæki til að framfylgja þeirri sýn um hringrásarhagkerfi sem Norðurlöndin aðhyllast. Því kallar nefndin eftir því að löndin búi í haginn fyrir gagnkvæmar greiðslur skilagjalds í framtíðinni og að haft verði samráð við skilagjaldsstofnanir um að útvíkka kerfið fyrir fleiri vörur.

Reykjavík, 20. september 2017

Christian Poll (ALT)

Irene Johansen (A)

Karin Gaardsted (S)

Kjell-Idar Juvik (A)

Liselott Blixt (DF)

Rasmus Ling (MP)

Staffan Danielsson (C)

Suzanne Svensson (S)

Sylvi Graham (H)

Teitur Björn Einarsson (Sj.)

Thomas Finnborg (M)

Valgerður Gunnarsdóttir (Sj.)